

AUGLÝSING

um staðfestingu úrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 97 frá 24. maí 2007, um skiptingu starfa ráðherra.

Handhafar valds forseta Íslands hafa samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar samkvæmt þeim nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands, í dag gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 97 frá 24. maí 2007, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 97 frá 24. maí 2007, um skiptingu starfa ráðherra, að Einar Kristinn Guðfinnsson fer með ráðherrastörf sameinaðs ráðuneytis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá og með 1. janúar 2008, sbr. e-lið 1. gr. og 5. gr. laga nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Ennfremur skal hann annast framkvæmd 4. gr. sömu laga vegna þeirra starfsmanna sem taka við störfum í hinu sameinaða ráðuneyti og standa að nauðsynlegum undirbúningi við veitingu starfa í ráðuneytinu.

Forsætisráðuneytinu, 28. september 2007.

Geir H. Haarde.

Bolli Þór Bollason.

A-deild – Útgáfud.: 28. september 2007